



Til foreldra og nemenda

FRÉTTABRÉF SÍÐUSKÓLA

Skólaárið 2016-2017 01.05. 2017 10. bréf

Kæru nemendur og foreldrar!

Ég vil byrja á því að óska ykkur gleðilegs sumars og takk fyrir veturinn! Það er óhætt að segja að sumarið sé komið þessa dagana og njótum nú blíðunnar meðan hún stendur.

Nú fer að stytast í lokin á þessu skólaári en skólaslit verða þann 2. júní. Sá dagur er tvöfaldur dagur á skóladagatali þannig að skólaslitin verða með öðru sniði en verið hefur. Nemendur koma í skólann á hefðbundnum tíma og munum við svo ljúka deginum með skólaslitum fyrir 1.-9. bekk. Klukkan þrjú verða síðan skólaslit í Gleráarkirkju þar sem 10. bekkur verður útskrifaður.

Verið er að raða niður umsjónarkennurum fyrir næsta skólaár og birtum við það í síðasta fréttabréfi ársins. Nokkrar breytingar verða á starfsmannahópnum á næsta skólaári en það skýrist betur þegar líða fer á mánuðinn.

Eins og fram kom í síðasta fréttabréfi þá fór 6. bekkurinn okkar í ferðalag til Danmerkur í síðustu vikunni fyrir páska. Þann 15. maí munum við endurgjalda þá heimsókn og tökum við á móti 68 Dönum í skólann til okkar, það fjölgar þá heldur betur hjá okkur.

Á síðasta skólaári fengum við Grænfánann afhentan í sjötta skiptið. Þann 5. maí verður þemadagur í skólanum hjá okkur og verður hann tileinkaður vatni. Við komum til með að vinna hin ýmsu verkefni á öllum stigum sem tengd verða við vatn á einhvern hátt. Vatnið er þemað sem við ákváðum að vinna með fyrir næsta fána sem við ætlum sjálfsögðu að fá vorið 2018.

Við skrifuðum okkur aldeilis á spjöld sögunnar í Skólahreysti þegar liðið okkar gerði sér lítið fyrir og stóðu uppi sem sigurvegarar!

Vorhátíð Síduskóla verður haldin þann 14. maí og verður hún með svipuðu sniði og verið hefur. Tombólan er ómissandi á þessum degi og vonandi sjáum við sem flesta á hátíðinni.

Það er vissulega mikið um að vera hjá okkur í skólanum og erum við svo sannarlega tilbúin fyrir lokasprettinn á þessu skólaári.

Með bestu kveðju úr skólanum!

Ólöf Inga

Maí er tileinkaður

Ábyrgð

Regla mánaðarins er

⇒ Við fylgjum reglum sem gilda á hverjum stað.

Á döfinni í maí:

11. maí Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk

4. maí Söngsalur

5. maí Þemadagur

14. maí Vorhátíð FOKS

15. maí Heimsókn frá Ryomgård Realskole í Danmörku

22. -24. maí Skólaferðalag 10. bekkjar

25. maí Uppstigningardagur



Síðuskóli Skólahreystimeistarar 2017



Lið Síðuskóla vann lokakeppnina í Skólahreysti sem sýnd var í beinni útsendingu í sjónvarpinu í síðustu viku. Þessir frábæru krakkar eru vel að sigrinum komnir og stóðu sig allir með glæsibrag. Guðni Jóhann og Eygló kepptu í upphýfingum, dýfum, armbeygjum og hreystigreip og Ragúel og Embla Dögg fóru hraðabrautina og slógu Íslandsmet sem þau áttu ásamt öðrum skóla en nýja metið er 2,03 mínútur. Þá má ekki gleyma varamönnunum þeim Unnari og Huldu Karen sem hafa æft af kappi og verið klár að hlaupa í skarðið en keppandi þarf einhverra hluta vegna að draga sig í hlé. Þessi frábæri hópur hefur í vetur æft af kappi ásamt fleiri nemendum undir stjórn íþróttakennaranna Eddu, Rainers og Veroniku. Hamingjuóskir til okkar allra og hjartans þakkir til íþróttakennara og keppenda. Í morgun var sigrinum fagnað á sal skólans að viðstöddum nemendum og starfsfólki. Bæjarstjóri Akureyrar, Eiríkur Björn Björgvinsson, kom að þessu tilefni og færði skólanum heillaóskir og keppendum og kennurum gjöf. Áfram Síðuskóli!

Börn hjálpa börnum



Börn hjálpa börnum, hið árlega söfnunaráttak ABC barnahjálpar fór fram núna í apríl. Verkefnið er unnið í samstarfi við grunnskóla landsins. Þetta er í 20. sinn sem þessi söfnun fer fram og hefur verið ómetanleg fyrir starfsemi ABC barnahjálpar. Oftast er einn árgangur valinn til að sjá um söfnunina, gjarnan 5. bekkur. Í fyrra söfnuðust tæpar 8 milljónir á landinu öllu, og voru þeir peningar notaðir til að veita börnum í þróunarlöndunum menntun. Við í Síðuskóla létum okkar ekki eftir ligga og söfnuðum, nemendur gengu í hús og söfnuðu alls kr. 101.489.- sem eiga eftir að nýtast vel. Vel gert 5. bekkur! Hér að ofan má sjá mynd af bekknum að söfnun lokinni.

Vorhátíð Síðuskóla 2017

Hin árlega Vorhátíð Síðuskóla verður haldin sunnudaginn

14. maí nk. klukkan 14:00-16:00.

Kaffihlaðborð, andlitsmálning, hoppukastalar, tombóla, grillaðar pylsur, popp og safi.

Verð: Kaffihlaðborð: Fullorðnir kr. 1.000.- 1. - 10. bekkur kr. 500.-

Leikskólabörn Frítt

Safi kr. 100,- Pylsa og safi kr. 200.- Popp og safi kr. 200.-

Fyrir foreldra - Ráð gegn prófkvíða

Prófkvíði er algengur meðal nemenda. Mikil áhersla á prófeinkunnir og afleiðingar þeirra getur aukið á kvíða nemenda. **Það er mikilvægt fyrir þig að fullvissa barnið þitt um að einkunn á einu prófi segir ekki endilega til um hver geta þess er.** Leggðu áherslu á lærdóm ekki próf. Venjulega þegar barn er kvíðið er ekki nóg að segja því að slappa af. Hér eru nokkur ráð gegn prófkvíða sem þið getið æft.

Kenndu barninu þínu: Að tala við sjálf sig á uppbyggilegan hátt.

Jákvætt sjálfstal. Viðhorf og trú hafa áhrif á það hvernig við bregðumst við.

Forðist neikvætt sjálfstal. Einbeita sér að jákvæðum setningum og hugsunum.

Neikvætt sjálfstal fyrir próf og meðan á því stendur getur orðið til þess að nemandi missir sjálfs traust og gefst upp á prófi. Til að trufla neikvæðar hugsanir áður en þær valda miklum kvíða er gott að segja við sjálfan sig „hættu að hugsa svona“ og byrja svo strax á jákvæðu sjálfstali, já kvæðum hugsunum eða slökun.

Jákvætt sjálfstal getur aukið sjálfstraust og minnkað prófkvíða.

Dæmi:

Neikvætt sjálfstal: Sama hvað ég geri, ég mun ekki ná þessu prófi.

Jákvætt sjálfstal: Ég fór yfir allt efnið, mér mun ganga ágætlega á þessu prófi.

Kenndu barninu þínu: Að losa vöðvaspennu.

Sestu í stól þannig að báðar iljar snerti gólfið.

Gríptu með báðum höndum undir stólinn.

Prýstu fótunum niður og spyrntu þér upp um leið í 5 sek.

Slakaðu á í 5-10 sek.

Endurtaktu 2-3 sinnum.

Slakaðu á öllum vöðvum nema þeim sem þú þarft til að taka prófið.

Kenndu barninu þínu: Að sjá fyrir sér stað þar sem því líður vel.

Lokaðu augunum með því að leggja lófana yfir þau.

Passaðu að hendurnar komi ekki við augun. Láttu lófana hvíla á kinnbeinunum og fingur liggja upp á enninu.

Hugsaðu um raunverulegan eða ímyndaðan stað sem þér líður vel á. Sjáðu hann fyrir þér í huganum eins og þú sért þar.

Ímyndaðu þér að þú sért á þessum stað í 1-2 mín.

Kenndu barninu þínu: Að slaka á með djúpri öndun.

Sittu bein í baki í þægilegri stellingu á stól.

Andaðu rólega inn um nefið. neðri hluta lungnanna fyrst og fylgstu með þegar þú fyllir lungun öll af lofti.

Andaðu út um munninn.

MATSEÐILL - maí 2017

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
	2. Lasagne, snittubrauð	3. Fiskibuff, kartöflur, grænmeti, steiktur laukur	4. Makkarónur, salatbar	5. Samlokur
8. Hakkabuff, kartöflur, lauksósar	9. Fiskibollur, kartöflur, hrísgrjón, karrýsósar, ávextir	10. Léttreykt bjúgu, kartöflumús	11. Marineraður fiskur, kartöflur, salatbar	12. Kjúklingasúpa með doritos og sýrðum rjóma. Val nemenda
15. Fiskur í raspi, kartöflur, grænmeti, sósa, ávextir	16. Hakk, spaghetti, snittubrauð	17. Píta með hakki, grænmeti, sósa	18. Snitsel, steiktur kartöflur, rauðkál, grænar baunir, laukur	19. Mjólkugrautur, slátur, smurt brauð
22. Nætursaltaður fiskur, kartöflur, rófur, rúgbrauð	23. Pottréttur, hrísgrjón, snittubrauð	24. Heilhveitisteikur fiskur, kartöflur, laukur, sveppir, sósa, ávextir	25. Uppstigningardagur	26. Skipulagsdagur
29. Kjúklinganaggar, kartöfluþrá, sósa Val nemenda	30. Eitthvað óvænt	31. Eitthvað óvænt	1. Eitthvað óvænt	2. Grillveisla Skólaslit